



Skrifstofa borgarstjóra
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 6. mars 2026

Efni: Staðsetning kaffistofu Samhjálpur að Grensásvegi 46.

Umboðsmanni barna hafa borist ábendingar frá foreldrum, um áhyggjur þeirra af staðsetningu kaffistofu Samhjálpur að Grensásvegi 46, í návígi við grunnskóla og íþrótta- og tómstundastarf barna.

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Umboðsmaður barna vill því árétta fyrir Reykjavíkurborg, að áður en ákvarðanir eru teknar á vettvangi borgarinnar, eins og t.d. um skipulagsmál, ber að leggja sérstakt mat á áhrif þeirra á börn, en slíkt mat ætti ávallt að fara fram á fyrstu stigum umræðu eða ákvarðanatöku. Matið er liður í því að kanna hvort ákvörðunin samræmist 3. gr. Barnasáttmálans, sem kveður á um að það sem börnum er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang, þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða börn. Leiði mat á áhrifum í ljós að um neikvæð áhrif á börn er að ræða, ber stjórnvöldum skylda til þess að leita allra leiða til þess að fyrirbyggja slík áhrif, og grípa til mótvægisáðgerða í þeim tilvikum þar sem það er ekki unnt. Þannig er tryggt að ákvörðun hverju sinni samræmist 3. gr. Barnasáttmálans.

Þá skal tekið fram að með bréfi þessu er umboðsmaður barna ekki að taka afstöðu til þess hvort fyrirhuguð staðsetning kaffistofu Samhjálpár sé heppileg, heldur er tilgangurinn að vekja athygli borgaryfirvalda á þeirri skyldu, sem á þeim hvílir, samkvæmt ákvæðum Barnasáttmálans, um að leggja ávallt mat á áhrif ákvarðana á börn, til að tryggja réttindi og hagsmuni barna í þeirra nærumhverfi.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna